

**E/S****EINKALEYFASTOFAN**

Skúlagötu 63 IS-150 Reykjavík

**Alþingi****Erindi nr. Þ 130/1504****komudagur 24.3.2004**

Nefndasvið Alþingis  
c/o Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstæri 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Einkaleyfastofu um tillögu til þingsályktunar um stofnun  
vetnisráðs, þingskjal 645 - 452. mál**

Einkaleyfastofan þakkar nefndarsviði Alþingis tækifærið til að gefa álit sitt á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Þróun nýrra orkugjafa er komið geti i stað afurða sem unnin eru úr jarðolíu er gífurlega mikilvægt fyrir mannkyn allt, þar sem orkuþörfin eykst sífellt og mengun af völdum þess einnig. Vetni er sérlega áhugaverður kostur þar sem uppsprettan er nánast óþrjótandi og umbreyting þess í orku veldur lítilli mengun. Því telur stofnunin jákvætt að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði að því að unnið verði að framgangi þessa máls.

Einkaleyfastofan vill þó leyfa sér að setja fram athugasemdir varðandi skipun i vetnisráð.

Íslensk nýorka, sem mun eiga tvo fulltrúa i ráðinu er, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu þess, í eigu m.a. Háskóla Íslands og Iðtæknistofnunar. Í tillögunni er lagt til að þessir aðilar eigi að auki hvor sinn fulltrúann i vetnisráði. Þá er lagt til að Samorka eigi fulltrúa í ráðinu en í því félagi eru orkuveitur landsins og nokkrir aukafélagar, m.a. Orkustofnun. Orkustofnun mun skv. tillögunni einnig eiga fulltrúa í ráðinu. Sú spurning vaknar hvort nauðsynlegt sé að Háskóli Íslands og Iðntæknistofnun eigi fulltrúa í vetnisráði þar sem þeir eru aðilar að Íslenskri nýorku og að sama skapi hvort nauðsynlegt sé að Orkustofnun eigi sinni fulltrúa í ráðinu þar sem stofnunin er félagi i Samorku.

Að öðru leyti telur Einkaleyfastofan að um mjög þarft mál sé að ræða og að vetnisráð geti stuðlað að enn hraðari þróun í átt að vetnisvæðingu. Opnun vetnisstöðvar og notkun vetnisknúinna strætisvagna er áhugaverð tilraun sem mun vonandi gefa mikilvægar upplýsingar varðandi þessa tækni. Vert er að styðja allar tilraunir er lúta að þróun vetnis sem orkugjafa.

Virðingarfyllst  
f.h. Einkaleyfastofu,